

# EFNISTAKA ÚR FARVEGI ÁNNA JÓKU OG MÚLAÁR VEGNA LAGNINGAR HRINGVEGAR Á FLJÓTSDALSHÉRAÐI

## Ákvörðun um matsskyldu

### NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að efnistaka úr farvegi áнна Jóku og Múlaár vegna lagningar Hringveggar milli Litla-Sandfells og Haugaár á Fljótsdalshéraði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Fljótsdalshéraðs skv. skipulags- og byggingarlögum, starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og leyfi Fiskistofu skv. 33. gr. laga um lax – og silungsveiði nr. 61/2006. Í gildi er Aðalskipulag Austur-Héraðs 2002-2017 á framkvæmdasvæðinu. Nú stendur yfir vinna við Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008-2028. Huga þarf að samræmi fyrirhugaðra framkvæmda við aðalskipulag sveitarfélagsins áður en framkvæmdaleyfi er gefið út. Þá þarf Vegagerðin, áður en framkvæmdaleyfi er veitt, að leggja fram áætlun um efnistöku sbr. 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, þar sem m.a. er gerð grein fyrir frágangi efnistökusvæða sbr. 49. gr. laganna.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynntar hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 15. desember 2008.

13. nóvember 2008

## INNGANGUR

Þann 9. október 2008 tilkynnti Vegagerðin efnistöku úr farvegi áнна Jóku og Múlaár vegna lagningar Hringvegjar milli Litla-Sandfells og Haugaár á Fljótsdalshéraði til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 2a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Fljótsdalshéraðs, lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Austurlands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Fljótsdalshéraði með bréfi dags. 6. nóvember 2008, Fiskistofu með bréfi dags. 23. október 2008, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 7. nóvember 2008, Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 28. október 2008 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 3. nóvember 2008. Frekari upplýsingar bárust frá Vegagerðinni með tölvubréfum dags. 28. október og 10. nóvember 2008.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Um er að ræða lagningu alls um 11 km vegarkafla Hringvegjar í Skriðdal og efnistöku á alls 7 efnistökustöðum og byggingu þriggja brúa. Fyrir liggur að þeir þættir fyrirhugaðrar framkvæmdar sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum er efnistaka úr áreyrum árinna Jóku og efnistaka á tveimur stöðum úr árfarvegi Múlaár. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað sé að taka efni úr farvegi Jóku, sem samsvari um 74.000 m<sup>3</sup>, á svæði á áreyrunum sem verði um 60 m breitt, um 600 m langt og um 2-3 m djúpt. Þá kemur fram að úr Múlaá sé áætlað að taka um 48.000 m<sup>3</sup> efnis á tveimur stöðum, alls á um 29.000 m<sup>2</sup> svæði. Samkvæmt lið 2a í 2. viðauka ofangreindra laga er efnistaka tilkynningarskyld sem er meiri en 50.000 m<sup>3</sup> eins og er tilfellið um efnistöku úr farvegi Jóku og ef um er að ræða efnistöku þar sem fleiri en einn efnistökuastaður ná til samans yfir 25.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði, sem er tilfellið um efnistöku í Múlaá.

Fram kemur að efnistökusvæðið í Jóku sé á þeim stað í farveginum þar sem myndast hafi regluleg árkeila úr áreyrarseti sem nái frá núverandi brú og niður að Múlaá. Áin sé síbreytileg og farvegur hennar óstöðugur og þar af leiðandi sé mjög lítill gróður á keilunni og jarðvegsþekja nánast engin. Fram kemur að efni í Múlaá sé möl og grjót og séu áreyrarar á báðum stöðunum að mestu ógrónar.

Fram kemur að heildarefnisþörf vegna vegaframkvæmdanna sé áætluð um 225.000 m<sup>3</sup>. Auk fyrrgreindrar efnistöku sé gert ráð fyrir að úr farvegi Þórisár verði teknir um 49.000 m<sup>3</sup> á um 24.000 m<sup>2</sup> svæði, úr áreyrum Grímsár rúmlega 30.000 m<sup>3</sup> á um 24.500 m<sup>2</sup> svæði, auk þess sem reiknað sé með að um 2000 m<sup>3</sup> efnis í rofvoörn verði tekið í Haugaá, fyrir utan efni sem komi úr skeringum, alls um 21.000 m<sup>3</sup>.

Fram kemur að á hinum tæplega 11 km vegakafla verði nýlagning um 7 km en um 4 km verði endurbygging á núverandi vegi. Um verði að ræða 7,5 m breiðan veg með 7,3 m breiðri klæðingu og gert sé ráð fyrir að hönnunarhraði verði 90 km/klst. Á þeim kafla þar sem nýr vegur verði lagður muni hann liggja um gróið mólendi/kjarrlendi og ógrónar og lítið grónar áreyrar eða áreyrar sem hafi verið græddar upp sem tún. Fram

kemur að byggðar verði 3 brýr, 10 m löng brú yfir Þórisá, 14 m löng brú yfir Eyrarteigsá og 32 m löng brú yfir Jóku.

Fram kemur að markmið framkvæmdarinnar sé að auka umferðaröryggi á Hringvegi í Skriðdal og tryggja greiðari samgöngur.

**Áhrif á landslag.** Fram kemur að framkvæmdin muni hafa áhrif á landslag þar sem veglína liggja um óraskað land á um 7 km löngum kafla. Efnistaka fari fram á áreyrum og breyti farvegum Þórisár og Jóku auk þess sem efnistaka úr Grímsá og Múlaá breyti ásýnd svæðisins. Fram kemur að við efnistöku í farvegi Jóku verði landið mótað á þann hátt að mynduð verði allt að 600 m löng og 60 m breidd rás sem verði um 2-3 m á dýpt og verði bakkar rásarinnar mótaðir með fláa 1:1,5 til 1:3. Þá verði bakkarnir hafðir hlykkjóttir og óreglulegir að lögun svo þeir falli betur inn í umhverfi sitt. Bakkarnir verði ekki styrktir eða byggðir upp með rofvarnargrjóti eða öðru aðfluttu efni. Líta megi á áhrif efnistöku, að mati Vegagerðarinnar, sem tímabundin því að áin muni smám saman eyða ummerkjum hennar.

**Áhrif á náttúrufer.** Fram kemur að ekki sé um að ræða sérstakar jarðmyndanir á áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda. Einhver veiði sé í ám á svæðinu en veiðitölur frá Veiðimálastofnun um lax- og silungaveiði 2007 liggja ekki fyrir. Framkvæmdin geti hugsanlega haft áhrif á fisk í ám á svæðinu vegna gruggmyndunar og rasks á botni en áhrifin verði þó tímabundin. Fram kemur að ekki hafi verið kannað hvort sérstæðan gróður eða fugla sé að finna á framkvæmdasvæðinu eða í nágrenni þess en ljóst sé að tún og grónar áreyrar muni skerðast. Þá geti framkvæmdin haft tímabundin truflandi áhrif á fugla meðan á framkvæmdum stendur.

**Áhrif á menningarminjar.** Fram kemur að engar friðlýstar fornleifar eða sjáanlegar fornleifar séu í vegsvæðinu eða nágrenni þess. Í útboðsgögnum verði lögð áhersla á að verktaki raski ekki landi utan framkvæmdasvæðisins.

**Samræmi við skipulagsáætlanir.** Fram kemur að í gildi sé Aðalskipulag Austur-Héraðs 2002-2017. Veglína liggja að mestu eins og gert sé ráð fyrir á gildandi skipulagsupprætti. Unnið sé að gerð aðalskipulags fyrir Fljótsdalshérað og sé gert ráð fyrir þeim minni háttar breytingum sem hafi orðið á veglínu frá gildandi skipulagi.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Í umsögnum Fljótsdalshéraðs, Fiskistofu, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Austurlands og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að fyrirhugaðar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Fiskistofu kemur fram að umrætt svæði og þær ár, sem framkvæmdin hafi áhrif á, séu allar ofan Grímsárvirkjunar og því sé nánast ekkert um sjógenginn fisk á svæðinu. Væntanlega sé þó einhver veiði á staðbundnum silungi, þótt veiðitölur liggja ekki fyrir hjá opinberum aðilum. Vegna þess fiskjar, sem sé á svæðinu og hugsanlegra ræktunarmöguleika, sé hinsvegar rétt að fara gætilega við framkvæmdir og leita eftir ráðgjöf sérfræðinga í búsvæðum laxfiska varðandi malartekju og endurbætur farvegs vatnsfalla á svæðinu, einkum í lengri ám eins og Jóku.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að sótt verði um leyfi til Fiskistofu vegna efnistökkunnar og að öðru leyti haft samráð við lax- og silungsveiðisvið Fiskistofu varðandi efnistökkuna.

Umhverfisstofnun bendir á að talsvert hafi verið um efnistöku úr árfarvegum á undanförunum árum en að ekki hafi verið gerð grein fyrir hversu hratt efni berist að nýju í farvegina. Stofnunin telur að mæla mætti snið um farveg Jóku, að efnistöku lokinni, þannig að unnt væri að fylgjast með hversu mikið efni berist árlega í farveginn. Þannig væri mögulega unnt að meta hversu hratt efni berist að nýju á efnistökusvæði í sambærilegum árkeilum.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að tryggja þurfi að áin hlaði ekki of miklu efni undir brúna og hún haldist í nýjum farvegi og verði því fylgst með þróun farvegsins. Ekki hafi verið gert ráð fyrir sérstökum mælingum á farvegi vegna þessa að svo stöddu. Mögulegt sé þó að farvegur verði mældur með öðrum verkþáttum þegar búið sé að móta hann og væri þá hægt að bera það saman við mögulegar mælingar síðar meir.

Fornleifavernd ríkisins bendir á að telja verði ólíklegt að efnistaka úr farvegi árinna Jóku hafi áhrif á fornleifar. Mun meiri líkur séu á að vegagerð geti raskað fornleifum ef ekki verði aflað upplýsinga um þær og tillit til þeirra tekið. Miklar líkur séu á að fornleifar leynist í nágrenni gömlu bæjarhólanna í landi Eyrarteigs og fleiri jarða á svæðinu, jafnvel þó að þær sjáist ekki á yfirborði og því sé mikilvægt að afla upplýsinga um fornleifar nálægt bæjunum. Fornleifavernd ríkisins telur nauðsynlegt að fornleifar verði skráðar á svæðinu áður en endanleg lega vegar og heimreiða verði ákveðin. Samráð verði haft við Minjavörð Austurlands að lokinni fornleifaskráningu varðandi legu vegar og hugsanlegar mótvægisáðgerðir vegna fornleifa.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að ekki séu gerðar athugasemdir við umsögn Fornleifaverndar ríkisins og muni Vegagerðin láta gera athuganir vegna fornleifa áður en framkvæmdir hefjist eins og mælst sé til.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagningu alls um 11 km vegarkafla Hringvegur í Skriðdal á Fljótshéraði og efnistöku á alls 7 efnistökkustöðum í árfarvegum og byggingu þriggja brúa. Gert er ráð fyrir að taka efni úr farvegi árinna Jóku, sem samsvarar um 74.000 m<sup>3</sup> og úr Múlaá um 48.000 m<sup>3</sup> efnis á tveimur stöðum á samtals um 29.000 m<sup>2</sup> svæði. Fyrir liggur að þeir þættir fyrirhugaðra framkvæmda sem eru tilkynningarskyldir til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 er efnistaka í ofangreindum ám. Skipulagsstofnun telur hins vegar eðlilegt að gera einnig grein fyrir niðurstöðum stofnunarinnar á áhrifum veglagningar, m.t.t. til framlagðra gagna málsins.

Skipulagsstofnun telur að nýlagning vegar á um 7 km kafa og efnistaka af 7 svæðum muni óhjákvæmilega hafa í för með sér nokkrar ásýndarbreytingar á framkvæmdasvæðinu en að áhrif framkvæmdanna á landslag, jarðmyndanir og sjónræn áhrif sem slík verði ekki verulega neikvæð. Stofnunin bendir á að mikilvægt sé að huga vel að mótun efnistökusvæðanna, í samræmi við fyrirheit í framlögð

gögnum Vegagerðarinnar og frágangi í samræmi við efnistökuáætlun. Ef vel tekst til með þessa þætti telur Skipulagsstofnun að líta megi svo á að rask í árfarvegum verði afturkræft og tímabundið. Þá þarf að halda öllu raski við veglagningu innan skilgreinds framkvæmdasvæðis vegarins. Skipulagsstofnun telur að áhrif vegna veglagningar á gróður verði ekki verulega neikvæð þar sem nýtt vegstæði raskar að stærstum hluta graslendi og efnistökusvæði eru eðli málsins samkvæmt lítt gróin eða ógróin. Efnistaka úr farvegum ána kann að hafa neikvæð áhrif á lífríki þeirra og telur Skipulagsstofnun, í samræmi við ábendingar í umsögn Fiskistofu, að Vegagerðin þurfi að leita eftir ráðgjöf sérfræðinga í búsvæðum laxfiska vegna efnistökkunnar og endurbóta farvega, einkum í lengri ám eins og Jóku. Fyrir liggur álit Fornleifaverndar ríkisins að ólíklegt sé að efnistaka úr Jóku muni hafa neikvæð áhrif á fornleifar. Þar sem ekki eru fyrirbyggjandi upplýsingar um fornleifar á áhrifasvæði vegarins vill Skipulagsstofnun beina þeim tilmælum til Vegagerðarinnar að fornleifar verði skráðar á svæðinu. Endanleg lega vegar og heimreiða verði síðan ákveðin í samráði við Minjavörð Austurlands og m.t.t. niðurstaðna skráningarinnar.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Vegagerðarinnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að efnistaka úr farvegum ána Jóku og Múlaár vegna lagningar Hringveggar milli Litla-Sandfells og Haugaár á Fljótsdalshéraði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Fljótsdalshéraðs skv. skipulags- og byggingarlögum, starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstrum sem getur haft í för með sér mengun og leyfi Fiskistofu skv. 33. gr. laga um lax – og silungsveiði nr. 61/2006. Í gildi á framkvæmdasvæðinu er Aðalskipulag Austur-Héraðs 2002-2017. Nú stendur yfir vinna við Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008-2028. Huga þarf að samræmi fyrirhugaðra framkvæmda við aðalskipulag sveitarfélagsins áður en framkvæmdaleyfi er gefið út. Þá þarf Vegagerðin, áður en framkvæmdaleyfi er veitt, að leggja fram áætlun um efnistöku sbr. 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, þar sem m.a. er gerð grein fyrir frágangi efnistökusvæða sbr. 49. gr. laganna.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynntar hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 15. desember 2008.

Rut Kristinsdóttir

Jakob Gunnarsson

